

**194. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 21. september 2021, á Teams**

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, Arnar Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir, Sigurður Halldór Árnason

Björn Helgi Barkarson, skrifstofustjóri hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti var gestur á fundinum í fyrsta lið.

Magnús A. Sigurðsson tilkynnti forföll sem og varamaður hans.

*Fundarritari:* Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

**Framtíð Breiðafjarðar**

Björn Helgi Barkarson frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti kynnti áform ráðuneytisins um áframhaldandi vinnu um framtíð Breiðafjarðar.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd þakkar Birni fyrir kynninguna.

*Björn Helgi yfirgaf fundinn.*

**Tilnefning fulltrúa í stýrihóp um framtíð Breiðafjarðar**

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti óskar eftir tilnefningu frá Breiðafjarðarnefnd í stýrihóp um framtíð Breiðafjarðar.

**Afgreiðsla:**

Samþykkt að tilnefna Erlu Friðriksdóttur í stýrihópinn.

**Fjármál Breiðafjarðarnefndar 2021**

Uppfærð áætlun lögð fram.

**Afgreiðsla:**

Erla heyrir í forstöðumanni Náttúrustofu Vesturlands og Birni Helga Barkarsyni hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og kemur með tillögu til nefndarinnar um hvaða verkefni er brýnast að vinna fram til áramóta.

**Önnur mál**

**Landvarsla við Breiðafjörð**

Mikilvægt að vera í góðum tíma að skipuleggja landvörslu við fjörðinn. Samþykkt að óska eftir að fá fulltrúa frá Umhverfisstofnun á næsta fund.

**Næsti fundur áætlaður þriðjudaginn 12. október, kl. 13:00.**

**Fundi slitið kl. 11:30.**